

## Fundargerð

5. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2004-2006, var haldinn í Íþróttamiðstöð Íslands, fimmtudaginn 26. ágúst 2004, kl. 19:30.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson formaður, Einar Kr. Jónsson, Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir, Birgir Guðjónsson, Sigurður P. Sigmundsson, Fríða Rún Þórðardóttir unglíngalandsliðsþjálfari og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri. Sonja Sif Jóhannsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fundinn og stjórnaði.

### 1. Fundargerð 4. fundar stjórnar lögð fram. Samþykkt.

### 2. Stjórnun, fjármál og rekstur.

- Sigurður Pétur fór yfir drög að fjárhags uppgjöri vegna Evrópubíkarkeppninnar, en afkoma er nálægt áætlun í flestum þáttum og jákvæð.
- Starfsmannamál. Stefán og Unnur eru með þessi mál í vinnslu.

### 3. Landsliðsmál.

- Val á keppendum á NM unglíngna 20-22 ára. Samþykkt tillaga ÍÞA um eftirfarandi keppendur: Björgvin Víkingsson, Jóhönnu Ingadóttur, Sigrúnu Fjeldsted og Maríu Kr. Lúðvíksdóttur. Þá var samþykkt að Eggert Bogason verði þjálfari og fararstjóri í ferðinni.
- NM unglíngna. Fríða Rún greindi frá NM unglíngna 19 ára og yngri og lögð var fram skýrsla hennar um ferðina. Árangur Íslensku keppendanna var mjög góður, en eitt gull, eitt silfur og sex bronsverðlaun var uppskera þeirra ellefu keppenda sem tóku þátt í mótinu að þessu sinni.

### 4. Mótamál.

- MÍ í 10000m karla, 5000m kvenna. Lagt fram bréf frá frjálsíþróttadeild ÍR með ósk um að halda hlaupin í september. Samþykkt. Dagsetning ákveðin m.t.t. annara hlaupa á næstu dögum.
- Víðavangshlaup Íslands. Fer fram í Hallormsstaðaskógi í framkvæmd UÍA, samkvæmt mótaskrá þann 9. okt. nk.
- MÍ öldunga 21.-22. ágúst sl. Rætt um framkvæmd á Meistaramóti öldunga um sl. helgi. Samþykkt að framkvæmdastjóri riti formanni Öldungaráðs FRÍ bréf vegna málsins.
- Yfirdómar á mótum á vegum FRÍ. Rætt um fyrirkomulag á skipan yfirdómara frá FRÍ á mótum á vegum sambandsins. Samþykkt að Tækninefnd FRÍ komi með tillögu fyrir næsta fund stjórnar um hvaða mót FRÍ skuli skipa yfirdómara á í framtíðinni. Samþykkt.

### 5. Mótaþing EAA 2005.

Guðmundur G. Kristinsson kom á fundinn.

Formaður sagði að komið væri að þeim tímapunkti að taka þyrfti ákvörðun um hvort FRÍ ætti að taka að sér framkvæmd mótaþings EAA eftir rúmlega ár eða ekki. Lögð var fram greinargerð formanns, Stefáns og Gunnlaugs Karlssonar um kosti og galla þess að halda þingið hér á landi. Málið rætt frá ýmsum hliðum. Samþykkt að formanni og framkvæmdastjóra skuli falið að ganga frá samkomulagi við EAA um að FRÍ haldi þingið hér í okt/nóv. á næsta ári. Guðmundur vék af fundi.

## 6. Lagt fram.

- a. Fjölmíðlavaktin; Evrópubíkarkeppnin á Íslandi.
- b. Helsinki 2005 "Bulletin 2"
- c. Þjálfaranámskeið EACA 5.-8.nóv. nk.
- d. IAAF, ýmsir útgefnar bækur. Framkvæmdastjóri setji frétt um málið á heimasíðu FRÍ.
- e. EAA, Styrktargreiðslur árið 2003
- f. Steve Barkley "Basics Training" kynningardiskur
- g. IAU "Newsletter"
- h. Kosning í Íþróttamannanefnd 2004-2006.  
Kosningin fór fram í tengslum við Meistaramót Íslands.  
Þeir sem hlutu kosningu í stafrófsröð og skipa munu nefndina 2004-2006 voru eftirfarandi:
  - \* Fríða Rún Þórðardóttir
  - \* Hafdís Ósk Pétursdóttir
  - \* Sigurbjörn Árni Arngrímsson
  - \* Sverrir Guðmundsson
  - \* Þórey Edda Elísdóttir

## 7. Innsend erindi/mál.

- a. Bréf frá frjálsíþróttadeild Breiðabliks, dagsett 15.ágúst sl., um tímatöku á mótum á vegum FRÍ. Tækninefnd FRÍ falið á fjalla um málið og koma með tillögu um úrbætur fyrir næsta fund stjórnar.
- b. Bréf frá Fríðu Rún Þórðardóttur, umsókn um styrk vegna námskeiðs. Samþykkt að veita Fríðu Rún styrk að upphæð kr. 32.835.- til að sækja námskeið á vegum IAAF um unglingsþjálfun í Moskvu í september.
- c. Mótaþing EAA í Tallinn, 14.-17.okt. nk. Lagt fram bréf og dagskrá fyrir mótaþing EAA í Tallinn 14.-17.okt. nk.
- d. NM í víðavangshlaupum. Lagt fram boðsbréf frá danska frjálsíþróttasambandinu á NM í Víðavangshlaupum í Ejby í Danmörku 14.nóv.nk. Sigurði Pétri, Stefán og framkvæmdastjóra falið að skoða möguleika á þátttöku Íslenskra keppenda í hlaupinu.
- e. EM innanhúss 4.-6.mars 2005. Lagt fram boðsbréf vegna HM innanhúss, sem fram fer í Madrid á Spáni, 4.-6.mars 2005.

## 8. Næstu fundir.

- a. Stefnuþingumræða. Samþykkt að halda fund helgarfund um stefnuþingi málefni sambandsins í lok september eða byrjun október nk. Stjórnarmenn sendi framkvæmdastjóra hugmyndir um málaflokka til umræðu á fundinum.

## 9. Önnur mál.

- a. Framkvæmdastjóri greindi frá fundi sem hann átti með Sigurjóni Guðjónssyni vegna möguleika á samstarfi við hann um afnot af myndum sem hann hefur tekið af frjálsíþróttamótum og frjálsíþróttafólki. Samþykkt að ganga til samstarfs við Sigurjón um málið.

Fundi slitið kl. 22:25

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.